

Ár 2016, þriðjudaginn 2. febrúar, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Olympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara í dómstól ÍSÍ á skrifstofu ÍSÍ í Laugardal.

Fyrir er tekið: Mál nr. 1/2016.

Kraftlyftingafélag Akureyrar

gegn

Stjórn Kraftlyftingasambands Íslands.

Mættir eru fh. kæranda Kraftlyftingafélags Akureyrar, kt. 631080-0309, Ólafur Evert Úlfsson og fh. kærða Stjórn Kraftlyftingasambands Íslands, kt. 700410-2180, er mættur Sigurjón Péturssona form stjórnar.

Málið var höfðað með kæru móttakini af skrifstofu ÍSÍ þann 8. janúar sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins. Með tilkynningu dags. þann 20. janúar sl var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð. Greinargerð kærða barst dómstólnum þann 27. janúar sl.

Kröfur kæranda: Kærandi krefst þess að stjórn Kraftlyftingasambands Íslands verði gert að boða og halda Kraftlyftingaþing. Þess er einnig krafist að stjórn kærða verði ávituð fyrir að hafa ekki fylgt lögum Kraftlyftingasambands Íslands.

Kröfur kærða:

Að hann verði sýknaður af báðum kröfum kæranda.
Jafnframt gerir kærði kröfu um málskostnað úr hendi kæranda á grundvelli e liðar 36.2. gr. laga ÍSÍ.

Við þingfestingu málsins eru lögð fram eftirtalin gögn:

Dskj . nr:

1. Kæra móttakin 8. janúar 2016.
2. Áskorun kæranda o.fl. til kærða ódagsett.
3. Greinargerð kærða dags. 27. janúar 2016.
4. Afrit af tölvupósti dags. 20. ágúst 2015 þar sem boðað var til formannafundar með dagskrá.


5. Afrit af tölvubréfi dags. 16. september 2015 með tilgreindri dagskrá þar sem minnst er á formannafund þann 19. september 2015.
6. Afrit af tölvupósti dags. 22. september 2015, þar sem fundargerð formannafundar var send formönnum aðildarfélaga.
7. Afrit af fundargerð stjórnar Kraft þann 13. janúar 2016.
8. Afrit af fundargerð stjórnar Kraft þann 25. janúar 2016.
9. Tölvupóstsamskipti milli kæranda og formanns Kraft.

Sættir voru ræddar með aðilum. Var nú í málínu gerð eftirfarandi sátt:

SÁTT.

Kærandi og kærði gera með sér sátt þess efnis að Kærði, Kraftlyftingasamband Íslands muni boða til Kraftlyftingaþings svo fljótt sem verða má og að þingið verði haldið eigi síðar en 13. mars nk., með þeim fyrirvara að þingið samþykki frávik frá 17. gr. laga sambandsins um tímamörk á skipan uppstillingarnefndar.
Kærandi dregur hér með kæru sína til baka.

Þannig fram farið.


Sigurður I. Halldórsson


Ólafur Evert Úlfsson


Sigurjón Pétursson